



XVIII. þing Félags íslenskra lyflækna 6.-8. júní á Hótel Selfossi

Dagskrárdrög, skilafrestur ágrípa, erinda og veggspjalda og skráning

XVIII. þing Félags íslenskra lyflækna verður haldið á Hótel Selfossi 6.-8. júní næstkomandi. Dagskrá þingsins verður fjölbreytt og ætti að höfða til breiðs hóps lyflækna. Meginþema þingsins verður *blóðsjúkdómar og krabbamein*. Þá verður kynning vísindarannsókna stór þáttur að vanda. Frestur til að skila ágrípum rennur út **15. apríl**.

Helstu efnisatriði

- **Málþing um blóðsjúkdóma** sem tileinkað er minningu lækna *Jóhönnu Björnsdóttur* og *Guðmundar M. Jóhannessonar*. Meðal fyrirlesara verður dr. *Cynthia Dunbar* frá National Institutes of Health í Bandaríkjunum, einn af aðalritstjórum tímaritsins *Blood*. Erindi hennar mun fjalla um genalækningar. Þá munu innlendir fyrirlesarar gera grein fyrir nýjungum í meðferð illkynja blóðsjúkdóma.
- Fjallað verður um *nýjungar í meðferð krabbameina* og verður meðal annars tekist á um notagildi nýrra lyfja.
- Fyrirlestur verður um *áhættumat við meðferð hjarta- og æðasjúkdóma*, með áherslu á notkun statínlyfja.
- Þá verður kastljósini beint að *lifrarlækningum* og mun dr. *Arthur McCullough*, forseti Amerísku lifrarlækningasamtakanna og yfirlæknir meltingar- og lifrarlækninga á Cleveland Clinic í Bandaríkjunum, flytja erindi um þessa "nýju" sérgrein innan lyflækninga. Auk þess mun hann flytja fyrirlestur um fitulífur af völdum annarra orsaka en áfengis (non-alcoholic fatty liver disease).
- *Málþing um stöðu og framtíð almennra lyflækninga* í Reykjavík og á landsbyggðinni verður enn fremur á dagskránni.

Kynning vísindarannsókna

Vísindarannsóknir verða kynntar með *erindum* og *veggspjöldum*. Ekki verður um samhliða kynningar að ræða.

- *Hámarks lengd* ágrípa miðast við 1800 leturainingar (characters with spaces), talið án nafna höfunda og stofnana.
- Ágrip skulu skrifuð á *íslensku*.
- Eftirtalin atriði komi fram í ágrípi í þeirri röð sem hér er getið: titill, nöfn höfunda, (nafn flytjanda **feitiletrað**), vinnustaðir með tilvísun til höfunda, inngangur, efniviður og aðferðir, niðurstöður og ályktanir.
- Ágrip skal senda með tölvupósti sem viðhengi, (word-skjal - .doc), til framkvæmdastjóra þingsins á netfangið: [birna@birna.is](mailto:birma@birna.is)
- Notaður verður tölvuskjávarpur við flutning erinda.

- Hvert erindi fær 10 mínútur og er gert ráð fyrir sjö mínútum fyrir flutning og þremur fyrir umræðu. Afar mikilvægt er að halda tímamörk!
- **Stærð veggspjalda** er 90 sm breidd x 120 sm hæð. Höfundar komi með veggspjöld tilbúin.
- Leiðsögumenn munu stýra kynningu veggspjalda og fær hvert spjald átta mínútur til kynningar.
- Vísindanefnd Félags íslenskra lyflækna metur hvort kynning fer fram með erindi eða veggspjaldi.

Ungir læknar í framhaldsnámi

Í tengslum við þingið verður sérstök dagskrá sem beinist að ungum læknum er stunda framhaldsnám í lyflækningum. Flutt verða yfirlitserindi um áhugaverð og hagnýt efni. Tveir deildarlæknar, *Jónas Geir Einarsson* og *Ragnar Freyr Ingvarsson*, munu greina frá þátttöku sinni í Evrópska lyflæknskólanum (European School of Internal Medicine) í september síðastliðnum og jafnframt kynna starfshóp ungra lækna innan Evrópusamtaka lyflækna.

Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir besta framlag unglæknis og nema.

Skipulagning

Nánari upplýsingar um þingið, þáttökugjald, verð á gistingu, bókanir í gistingu og skráning eru á heimasíðunni: www.birna.is
Þar verður ítarlegri dagskrá birt á næstu vikum, auk þess sem hún verður send út til lækna.

Tímamörk

Skilafrestur ágrípa: 15. apríl.

Bókun í gistingu: 1. maí.

Skráning á þingið: 1. júní.

Skipuleggjandi

Meningarfylgd Birnu ehf.

Veffang: www.birna.is

Netfang: [birna@birna.is](mailto:birma@birna.is)

Sími: 862 8031

Aðalstyrktaraðili þingsins er **Vistor hf.**



vistor